

Nr. 2022-071-S-050 Kap II VE 7***Skipverji slasast á fingri***

Skipaskr.nr. 1062
IMO: 6804692
Útgerð: Vinnslustöðin hf.
Smíðaður: Stálvík, 1967, stál
Stærð: 575,28 BT
Mesta lengd: 52,07 m Skráð lengd: 47,0 m
Breidd: 7,90 m Dýpt: 6,20 m
Vél: Bergen diesel, 729,0 kw, 1981
Fjöldi skipverja: 12



Kap II © Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd 31. október 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 28. janúar 2022 var Kap II á netaveiðum úti fyrir Vesturlandi. Veður VSV 23 m/s.

Skipverji var að ganga frá dreka á efra þilfari. Skipið tók skyndilega veltu með þeim afleiðingum að skipverjinn rann til og missti jafnvægið. Drekin lenti á drekaborðinu en fingur skipverjans varð á milli.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Um borð voru hvorki skriflegar verklagsreglur né skriflegt áhættumat.
- Skipið var stutt frá landi og komst skipverjinn fljótt undir læknishendur.
- Eftir slysið var vinnuaðstaða bætt og þilfarið sandað.

Nefndarálit:

Atvikið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.